

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

#### 1. gr.

Á eftir orðunum „Framlög skulu greidd sveitarfélögum“ í a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur: að  $\frac{3}{4}$  hlutum fyrir 1. nóvember ár hvert en endanlegt uppgjör fer fram fyrir árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 12. gr.

#### 2. gr.

Á eftir orðunum „1. janúar 2005“ í ákvæði til bráðabirgða kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er þó að greiða eftir þann tíma framlög til framkvæmda sem hefjast fyrir lok árs 2004, enda liggi fyrir mat ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að bryn þörf sé á viðkomandi framkvæmdum. Framlög vegna framkvæmda á árinu 2005 skulu miðast við verkstöðu í lok þess árs.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.*

**Árni Magnússon.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut – Öldugata“ vegna lóðar fyrir spennistöð við Lækjargötu í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gerð er ný lóð fyrir spennistöð vestan við núverandi staðsetningu. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 27. maí 2004.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

*F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa, 27. maí 2004.*

**Anna Margrét Tómasdóttir,**  
arkitekt umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.